

Sp. 855. Tillaga til þingsályktunar

um ráðstafanir til þess að greiða fyrir þorpsmyndun á Egilsstöðum í Suður-Múlasýslu.

Flm.: Finnur Jónsson, Eysteinn Jónsson, Jón Pálmason,
Lúðvík Jósefsson, Páll Zóphóníasson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að kaupa fyrir hönd ríkissjóðs spildu þá úr landi Egilsstaða í Suður-Múlasýslu, sem að dómi skipulagsnefndar ríkisins þarf á að halda vegna myndunar þorps á þessum stað. Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að greiða fyrir byggingu þorpsins með því að láta gera vegi, vatnsveitu, skulpveitu, byggja rafstöð o. fl.

Kostnaður við þessi mannvirki greiðist úr ríkissjóði, enda verði þau eign ríkissjóðs, þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið.

Greinargerð.

Það er nú fyrirsjáanlegt, að á næstu árum myndast þorp í landi Egilsstaða í Suður-Múlasýslu, enda hin mesta þörf á því. Er þá áriðandi að gera sem fyrst ráðstafanir viðvíkjandi landi undir þorpsbyggðina og aðrar ráðstafanir, svo sem vegalagningu, vatnsveitu, skulpveitu o. fl. Ekki þykir sennilegt, að fyrir þessu verði séð í tíma nema ríkið hafi hér nokkra forgöngu í fyrstu. Gefur þingsályktunartillagan heimildir til þess. Er það fyrsta skrefið. Síðan verður sem skjótast að ákveða um framtíðarskipun þessara mála, svo sem hreppaskipan í framtíðinni o. fl. Er gert ráð fyrir, að þau mál verði undirbúin í samráði við hlutaðeigendur í sambandi við þær framkvæmdir, sem þáttill. gerir ráð fyrir.